

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu:

Megintilgangur Orkuveitu Reykjavíkur er að tryggja Reykvíkum og öðrum notendum á heimamarkaði góða þjónustu á sem bestu verði en ekki að taka þátt í áhættufjárfestingum erlendis.

Með það að markmiði að staðinn verði vörður um þessa kjarnastarfsemi og mikilvægt almannþjónustuhlutverk fyrirtækisins, samþykkir stjórn OR að unnin verði úttekt á REI og verðmat á verkefnum þess með það fyrir augum að fyrirtækið geti einbeitt sér að ráðgjöf og þróunarverkefnum en hugað verði að sölu á þeim verkefnum, sem ekki falla undir þá starfsemi.

Þekking starfsmanna Orkuveitunnar verði áfram nýtt á vettvangi REI og OR til ráðgjafþjónustu í þágu fyrirtækja á sviði jarðhitaverkefna og umhverfisvænna orkujafa samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir óska bókað:

Tillagan er sundurlaus og illa ígrunduð og lyktar af flauturslegum viðbrögðum við upphlaupi í borgarfulltrúahópi Sjálfstæðismanna. Hætt er við að hún hafi neikvæð áhrif á verðmæti REI og einstakta verkefna fyrirtækisins. Einnig er líklegt að tillagan skaði samningsstöðu REI t.d. gagnvart alþjóðlegum bönkum. Auk þess sem ekki er ljóst hvort framfylgd tillögunnar geti í einhverjum tilvikum skapað REI o.þ.m. OR bótaskyldu gagnvart þriðja aðila.

Stjórnarformaður og varaformaður stjórnar eru nýkomin úr ferð sinni til Djíbútí þar sem skrifað var undir samning um tilraunboranir og viljayfirlýsingu um virkjanaf framkvæmdir reynist niðurstaða tilraunaborana jákvæð.

Ekki fæst betur séð en framkomin tillaga gangi þvert á þær skuldbindingar sem stofnað var til í ferðinni.

Þessi hringlandaháttur er til skammar og vekur spurningar um hæfi og umboð formanns og varaformanns til að starfa að þessum málum.

Fulltrúar Samfylkingar og VG telja tillöguna varla tæka á stjórnarfundi OR þar sem hún varði bæði megintilgang félagsins og hafi veigamikil áhrif á starfsemi þess og falli því frekar að verksviði eigendafundar.

Kjartan Magnússon, Ásta Þorleifsdóttir og Júlíus Vífill Ingvarsson óska bókað:

Tillaga um úttekt á Reykjavík Energy Invest og verðmat á verkefnum þess er lögð fram að vandlega athuguðu máli. Hún er eðlilegt framhald á þeirri vinnu, er átt hefur sér stað á vettvangi REI á undanförunum vikum og hefur miðað að því að lágmarka áhættu fyrirtækisins án þess að tapa verðmætum, sem sett hafa verið í einstök verkefni þess. Mörg þessara verkefna munu krefjast mikils fjármagns sem REI hefur ekki yfir að ráða án aðkomu öflugra fjárfesta, miðað við þau skilyrði sem fyrirtækinu eru sett í 100% eigu OR. Það er öllum aðilum til hagsbóta að sem fyrst verði ljóst hvaðan fé á að koma til einstakra verkefna.

REI hefur fjölmörg jarðhitaverkefni til skoðunar í ýmsum löndum og á fjölþættum sviðum. Stjórn REI telur að það beri að skilgreina stefnu og verkefnaval fyrirtækisins mun betur í því skyni að nýta sértæka þekkingu þess samfara því að lágmarka áhættu og óskar eftir góðu samstarfi við alla stjórnarmenn Orkuveitunnar í því skyni.

Í samræmi við framangreint leggur meirihluti stjórnar OR til að sérstakur starfsfundur stjórnar verði haldinn til að ræða framtíðarsýn og hlutverk REI áður en tillagan verður tekin til afgreiðslu.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir óska bókað:

Fulltrúar Samfylkingar og VG óska bókað að gefinn var kostur á því að taka málið út af dagskrá á fundinum þar sem það er bæði vanreifað og illa unnið og tillagan samræmist ekki niðurstöðu stýrihóps borgarráðs.

Á síðasta eigendafundi OR, sem haldinn var 15. febrúar sl., var samþykkt:

*Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að Reykjavík Energy Invest verði að 100% í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og verði áfram rekið með það hlutverk að sinna þróunar- og fjárfestingarverkefnum á erlendra grund.*

Því er ljóst að tillaga meirihluta stjórnar OR eðlisbreyting frá samþykktum síðasta eigendafundar. Stjórn OR getur ekki tekið fram fyrir hendurnar á eigendum hvað svo sem öllum ágreiningi í borgarfulltrúahópi Sjálfstæðismanna líður.